

Drög að stefnumótun um einstök hús og hverfi í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025.

Með stefnumótun er miðað að því að skrásetja og safna gögnum um svæði byggð fyrir árið 2000 þar sem hugað verði að sérkennum byggðar og umhverfis í viðkomandi hverfi með framtíðar uppbyggingu, breytingar og viðhald á eignum innan hverfanna í huga.

Í aðalskipulagi skal koma fram að við endurskoðun deiliskipulags hverfa sem byggðust fyrir árið 2000 skuli eftirfarandi haft að leiðarljósi:

- Standa skal vörð um ósnortin sérkenni landslags svo sem kletta, hraun og klappir ásamt manngerðum hleðslum. Auknum kröfum um fjölda bílastæða verði ekki mætt í á kostnað umhverfislegra gæða heldur leitað sameiginlegra lausna fyrir umframbörf á stæðum.
- Við framkvæmdir í grónum hverfum verði þess gætt að heildarsvipmóti þeirra verði ekki raskað, sérkenni hvers svæðis verði skilgreint og metið og þess gætt að þeim verði ekki spilt.
- Meta skal söguleg, listræn, byggingarsöguleg og umhverfisleg sjónarmið. Aðrir þættir sem taka verður tillit til eru mælikvarði og byggðamynstur þar sem m.a. lóðastærðir, hús- og þakform, hæð húsa, efnisval o.fl. ráði för. Sérstaklega verði horft til skuggavarps við nýframkvæmdir.
- Þar sem þétting byggðar kemur til greina verði hún á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er.
- Leitast skal við samgöngur verði vistvænar, fjallað verði um götur, stíga og rými milli byggðar/húsa m.a. með tilliti til efnisvals, lýsingar og götugagna í almenningsrýmum.

Markmið með stefnumótun er m.a. að stuðla að stofnun íbúasamtaka eldri hverfa og skapa þannig vettvang og formlegan viðræðuaðila sem taki virkan þátt í mótun síns nánasta umhverfis. Með því að vekja eftirtekt íbúanna á sérstöðu eigin götu/hverfis er stuðlað að aukinni samvinnu og samskipta bæjaryfirvalda, íbúa og fagaðila.

6.6.2013

MK/SH